

## Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Kórastarf
- Safnarasýning
- ATHUGIÐ.....

Næsti Pési kemur út 15. nóv 2011

Efni í Pésann

VERÐUR að

berast í

síðasta lagi

9 nóvember.

## Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Gámasvæði	5
Matís	7
Konukvöld	11
Eyvindur	15
Hrossaræktarfélagið	16
Leikskólinn	18

# Pési



**Október 2011**

Ritstjóri og ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - [svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

21. árgangur. 253. tölublað. [pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is). Sími. 480 6600

## Frá Bókasafni Hrunamanna



### Opnunartími:

Mánudaga	Kl. 20-21
Þriðjudaga	Kl. 16-18
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	Kl. 16-18

Aðgangur að tölvu fyrir almenning.

Gjaldskrá ½ klst. kr. 150,-.

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Vinsamlegast munið að skila bókum á réttum tíma.

Nýtið ykkur „Mínar síður“ í Gegni (<http://www.gegnir.is>) til að sjá skiladag, framlengja og fleira.

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleik og skemmtunar.

Lestrarstund er gæðastund **J**

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>





Gunnar í Túnsbergi við kornuppskerustörf, en undanfarna þurrviðrisdaga hefur hver stund verið nýtt til kornskurðar Ljós:SigSigm



2 Sindri Rúnarsson og Karen Sif Heimisdóttir komu um sl..helgi og voru gestþjálfarar á fótboltaefingum

## Sveitarstjórapistill

Októbermánuður heilsar okkur með miklu litaskrúði. Það er virkilega gaman að horfa út um gluggann þessa dagana og hvað þá að ganga úti við og horfa á hvernig náttúran bregst við þegar von er á vetri og skammdeginu. Það verða líka breytingar hjá mannskepnunni, hún dregur sig meira inn í híbýlin og nýtur þess að hafa notalegt þegar birtan minnkar. Það er í sjálfu sér ágætt að hafa árstíðabrigði í veðri og lífinu en í því fellst tilbreyting. Með haustinu og skólabyrjun fer fólk að gera aðra hluti en um hásumarið. Félagsstarfið byrjar að nýju, fólk fer að syngja saman og stunda innihreyfingu. Hugsanlega kann það því að vera líkama og sál hollt að það séu árstíðabreytingar og ekki eilíf sól og sumar. Ég held að sumu leyti sé framtaksssemi Íslendinga og Hreppamanna því að þakka, eða kenna, hvar á jarðarkringlunni við búum. Veðurfarið í haust hefur líka leitt til þess að brúnin hjá þeim garðyrkjubændum sem eru í útirækt er tekin að lyftast. Það er ánægjulegt að fá smá uppþætur fyrir kalt vor því það má ekki gleyma því að garðræktin er undirstöðu atvinnugrein hjá okkur og skiptir miklu máli hvernig til tekst hvert ár. Réttirnar eru einn af þeim atburðum sem gefa til kynna að breytingar séu í nánd. Það var virkilega gaman að mæta í endurbyggðar Hrunaréttir og finna að það var almenn ánægja með hvernig til hefur tekist og þeim til mikils sóma sem þar hafa komið að máli. Þó þær séu ekki fullbyggðar gefur þetta góð fyrirheit um að vonandi getum við haldið viðeigandi vígsluhátíð að ári liðnu. Það var þó einn blettur sem féll á réttardaginn og það var umgengni í réttunum. Það er afleitt að það sé mikið rusl eftir réttirnar því bæði dósir, umbúðir og annar óþrifnaður var þar eftir. Það var góð aðstaða til að koma rusli fyrir á réttarsvæðinu sjálfu og fólk verður að taka til eftir sig. Umgengni lýsir innri manni eins og sagt er. Nú fer framkvæmdum sem sveitarfélagið hefur verið að vasast í að ljúka og gaman að sjá að það liggur eitthvað eftir sumarið þó það séu brellnir tímar. Verið er að ljúka því að setja varanlegt slitlag á Sneiðina og gott er að geta „lokað“ einni götu á Flúðum og vonandi getum við haldið þeirri vegferð áfram á næsta ári. Heilt yfir held ég að við getum verið sémilega sáttt við það sem gert hefur verið en ljóst er að fasteignir og aðrar eignir sveitarfélagsins þurfa viðhald sem verður að vera stöðugt og viðvarandi. Annað verkefni sem hefur verið ánægjulegt að vinna í er að nú lítur út fyrir að við séum aflögufær með kalt vatn þannig að við getum hjálpað nágrönnum okkar í næstu sveit um kalt vatn. Það er gott að vita til þess að hægt sé að hugsa dálítið út fyrir bæjarlækinn hvað þetta varðar því eftir mörg þurrkasumur og auknar kröfur um gæði vatnsins er ljóst að okkar auðlindir hér eru m.a. heitt og kalt vatn. Annað, sem er að hellast yfir okkur er að við verðum að fara í það verkefni að sveitarfélagið sjái um hreinsun rotþróa í dreifbýlinu eins og nágrannasveitarfélögin hafa gert. Eitt af því sem er að stríða okkur í því verkefni er, að okkur þykir blóðugt að þurfa að fara með fasta efnið úr rotþrónum til losunar í Álfnesi. Það væri mikið framfaraspor að hafa svæði hér í sveitinni þar sem hægt væri að nota slíkt til landgræðslu og skógræktar og ef einhver er með hugmyndir um það væri að gaman að heyra í viðkomandi. Að öðru leyti gengur haustið og veturinn hér í garð á skrifstofunni með hefðbundnum hætti. Okkar bíður það skemmtilega hlutskipti að endurskoða fjárhagsáætlun þessa árs og síðan gera fjárhagsáætlun fyrir það næsta og verður það eins og ávallt spennandi verkefni.

Með von um góðan og spennandi vetur.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

# Sölusýning í Reiðhöllinni á Flúðum

Fyrirhugað er að halda sölusýningu laugardaginn 12. nóv. n.k. Þeir sem áhuga hafa á að koma með hross hafi samband við **Hjálmar í síma 893-2995 eða 867-3606**. Hægt er að útvega knapa ef óskað er.



**Samkaup** **strax**

## Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	10:00-18:00
<b>Laugardaga</b>	10:00-18:00
<b>Sunnudaga</b>	11:00-17:00

Verið velkomin.  
Starfsfólk Versl.Samkaup strax  
á Flúðum.

*Skrifstofa Hrunamannahrepps.  
Sumar opnunartími hreppsskrifstofu  
Mánudaga til fimmtudaga:  
09:00-12:00 og 13:00-16:00  
Föstudaga: 09:00-12:30*

*Verktaki fyrir Eimskip og Samskip*

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju  
Starfsfólk Flúðaleiðar

## Gámasvæðið!

Að gefnu tilefni eru þeir aðilar, sem koma með lífrænan úrgang á gámasvæðið minntir á að fjarlægja þarf ólífræn efni úr honum. Sbr. eftirfarandi samþykkt Hreppsnefndar Hrunamannahrepps frá 6. október 2011.

*"Oddviti kynnti fundargerð umhverfisnefndar frá 3. október sl. Fjallað var um þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, losun lífræns úrgangs á gámasvæði og frágang gámsvæðis. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og felur sveitarstjóra að hafa samband við garðyrkjubændur um að ekki verði unnt að taka á móti lífrænum úrgangi á gámasvæði nema plastbönd og önnur ólífræn efni verði fyrst fjarlægð úr honum."*

Óskum eftir íbúð til leigu frá og með 1. nóv.

3. herbergja íbúð eða um 90 til 130 fermetra íbúð.

Vinsamlegast hafið samband við Gauta(863 5269) eða Írisi(844 5262)



Sprauta /  
skammta



Kr. 17.560

Inngjafabyssa  
m/ slöngu



Kr. 18.951

Einnota sprautur  
og nálar



Gripamerkilltir



Kr. 222

Klaufaklippur



Kr. 3.609

Merkisprey gripa



Kr. 724



Kr. 6.950

Boltabyssa  
(Sláturbyssa)



Kr. 29.300

## Allt í sláturtíðina



Hnifar, kjötsagur, stál, skurðarbretti,  
frystipokar, bjúgnalangar, net, salt,  
pækilsprautur, krókar, gervivambir,  
sláturgarn, bjúgnapressur, frystipokar,  
heimilspokar, balar, fótur m/loki,  
úrbeiningarhanskar, hamborgarapressa,  
vacuumpökkunarvél, vaccumpokar, o.fl.

## Steinefnapörf sauðfjár

Nú um miðjan september fengum við sauðfjárbónda til að kanna steinefnapörf hjá sauðfé sínu sem þá var nýkomið af fjalli. Hann setti allar tegundir steinefna sem við bjóðum uppá fyrir sauðfé í hólf þar sem voru 100 kindur og hafði þessi steinefni/saltsteina hjá þeim í 4 daga og átu þær eftirfarandi:

**Uniblock - steinefnablokk**  
(m/háu selen innih.) 5.750 gr.

**Universalschale - steinefnafata**  
(hátt selen og jöð innih.) 3.742 gr.

**Saltsteinn Natur**  
(hreint salt) 3.520 gr

**Saltsteinn Plus**  
(steinefna og selen bættur) 1.920 gr

Af þessu má ætla að þörf sauðfjárins sé "ærin" nú í lok sumars



Gunnbjarnarholti,  
801 Selfoss  
Sími 480 5600

„ Matarsmiðjan á Flúðum hyggst bjóða upp á eftirfarandi námskeið í nóvember, ef næg þátttaka næst:

5. nóvember frá klukkan 13 til 15. Námskeið í brjóstsykursgerð í samstarfi við Svandísi Guðmundsdóttur leiðbeinanda. Mögulegt er að skrá sig á þetta námskeið fram að 28. október

18. nóvember frá 10-17. Námskeið í ostagerð í samstarfi við Landbúnaðar háskóla Íslands. Leiðbeinandi er Þórarinn Egill Sveinsson, mjólkurverkfræðingur. Mögulegt er að skrá sig á námskeiðið fram að 10. Nóvember.

Bæði námskeiðin fara fram í Matarsmiðjunni á Flúðum  
Einstaklingar á lögbylum eiga möguleika á að sækja um styrk hjá Starfsmenntasjóði bænda ([www.bondi.is](http://www.bondi.is))

Skráning og nánari upplýsingar fást í Matarsmiðjunni á Flúðum í síma 858-5133 eða í tölvupósti á tölvupóstfanginu [vilberg@matís.is](mailto:vilberg@matís.is)



Fyrir hönd Matarsmiðjunnar  
Vilberg Tryggvason“



### Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna  
Vinsamlegast pantíð tíma  
í síma: 486-5535 og **899-9665**.  
Inga Birna.

### **Sundlaugin á Flúðum.**

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00



**Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar**

í Laugarási **480 5300**

**Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804**



## **ORKA NÝRRA TÍMA - HELGARNÁMSKEIÐ**

**Á FLÚÐUM 19.-20. NÓVEMBER  
FRÁ KL. 10:00-17:00 BÁÐA DAGANA**

---

Á námskeiðinu verður fjallað um þær orkulegu umbreytingar sem jörðin gengur nú í gegnum og áhrif breytinganna á daglegt líf okkar og framtíð. Gerðar verða orkulegar æfingar í gegnum hugleiðslur sem hjálpa til við að skynja orkuhjúpiann sem umlykur efnislíkamann og skynja hvar fyrirstöður koma upp í yfirborðsorkunni.

*Medal efnis á námskeiðinu:*

Yfirstandandi orkubreytingar á jörðinni og áhrif þeirra á líf okkar.

Hversu mikilvægt er að vinna með áföll sem sitja föst í orkuhjúpnnum.

Hvers vegna finnst okkur tíminn líða hraðar en áður og af hverju endist okkur ekki sólarhringurinn til að koma því í verk sem við gátum áður?

Veikindi, Þunglyndi, kviði, ótti, reiði, síþreyta, af hverju magnast þessar tilfinningar upp núna?

Mikilvægir orkugluggar, tunglmyrkvi, sólmyrkvi, vetrar - sumarsólstöður.

Hvernig nota má veðráttuna til að hjálpa okkur við tilfinningalosun.

Kennsla Maitreya, lægra sjálfið - æðra sjálfið, þægindasvæðið.

Ástin, af hverju dregst fólk hvort að öðru - hvað veldur árekstrum í samböndum? Hvaða mynstur fáum við í arf frá forfedrum og hvaða mynstur koma úr minningum fyrri lífa?

Æfingar til þess að skynja blokkeringar sem liggja í orkustöðvum - áruhjúp.

Hugleiðslur - Öndun - Litir - Léttur orkudans.

Þátttakendur fá stjórnukort út frá faðingardegi og persónulegar blómadropablöndur.

Léttur hádegisverður innifalinn.

Námskeiðsgjald er 15.000 kr.

*Leiðbeinendur eru: Jónína Þorbjörg Gunnarsdóttir - [viskaoggledi.is](mailto:viskaoggledi.is)*

*[jounath@viskaoggledi.is](mailto:jounath@viskaoggledi.is) s: 615 5710*

*Kristín Stefánsdóttir - [heimurinyjuljosi.is](mailto:heimurinyjuljosi.is) [krst@simnet.is](mailto:krst@simnet.is)*

---



# HESTAKAUP - UPPBOÐ

Fyrirhugað er að vera með uppboð á unghrossum í Reiðhöllinni á Flúðum laugar-  
daginn 29 okt. nk.

Á uppboðinu verða folöld, unghross og trippi á tamningaaldri. Meðal annars  
verða hross undan Arði frá Brautaholti, Presti frá Hvammi, Þey frá Akranesi,  
Sædýni frá Múla, Hrana frá Hruna, Hróa frá Skeiðháholti o.fl.

Einnig verður boðið upp á léttar veitingar meðan birgðir endast **J**

Komið og gerið góð kaup í góðri stemmingu í Reiðhöllinni Flúðum **laugardaginn**  
**29 okt kl: 20:30**

Nálgast má frekari upplýsingar um öll hross á uppboðinu á vefsíðunni

[www.hestakaup.123.is](http://www.hestakaup.123.is)

Með kveðju,

Manni Langholtskoti og Grímur Auðsholti II.



## Messur

6. nóv. (20.sd.e.trin) Stóri- Núpur kl. 11 Hruni kl 14: ,

13. nóv. (21.sd.e.trin) Hrepphólar kl.11, Ólafsvellir kl. 14  
Sóknarprestur



**Grænna land ehf.**

**Skreytingakvöld 19 og 20 október**

**Haustransar. Dyrakransar**

**Kl 20:00 í skemmuni. Sneiðinni 5 Flúðum.**

**Verð 4000 innifalið er 40 cm krans, vír,**

**kransaplast og skreytingarefni.**

**Lágmark 7 manns á hvort kvöld**

**hámark 15 manns.**

**Skráning til 17 október.**



*Erla Björg Arnardóttir*

*Garðyrkjufraeðingur*

*Sími: 858-3399*

*[graennaland@simnet.is](mailto:graennaland@simnet.is)*



# FLÚÐA-TAXI

Uppsveita Árnessýslu

Jóh. Unnar Guðmundsson



**Sími 893 1462**

8 farpega bíll



**Fjallaraf**

sími 662 0530

**Hjörleifur Ólafsson**

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

VIOLA snyrtistofa á Flúðum  
Eftirfarandi meðferðir eru í boði  
*Andlitsbað Húðhreinsun*  
*Litun og plokkun Handsnyrting*  
*Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir*  
Tímabantanir í síma 566-8342  
og 856-1599(Hlíf)

Byggingafélagið **Árborg** ehf.  
Austurvegi 42-44 • Selfossi  
Símar 482 1550 / 482 1275  
GSM 864 1275



**Húsmiðar**  
**Innréttingar**  
**Vélaleiga**  
**Gröfur o.fl.**

### Konukvöld í uppsveitum

Sunnudagskvöldið 23. okt. nk. ætla þrjú kvenfélög í upp-  
sveitum að standa fyrir konukvöldi í Félagsheimilinu á  
Flúðum, í tilefni af kvennafrídeginum.

Boðið verður uppá fjölbreytta og skemmtilega dagskrá  
ásamt léttum veitingum. Veislustjóri verður Ólafía Hrönn  
Jónsdóttir.

Að samkomunni standa Kvenfélag Gnúpverja, Kvenfélag  
Hrunamannahrepps og Kvenfélag Skeiðahrepps. Allar  
konur velkomnar.

Nánar auglýst síðar



### Vinna?

Mig vantar eitthvað að gera í vetur (nóv. til apríl), kannski  
hálfan daginn? Ef þið vitið um eitthvað endilega látið mig  
vita:-)




Vigdis S: 861 6652

### Húsnæði?

Höfum bústað til leigu í vetur.

Uppl. hjá Vigdisi í síma 861 6652



# Liszt í 200 ár

*Tónleikaröð Karalakörs Hreppmanna í tilefni  
200 ára árstíðar Franz Liszt*



Laugardaginn 22. október.	Afmælistónleikar á Flúðum kl. 15:00
Mánudaginn 24. október.	Ráðhúsið í Þorlákshöfn, kl. 20:00
Þriðjudaginn 25. október.	Salurinn í Kópavogi kl. 20:00
Miðvikudaginn 2. nóvember.	Selfoskirkja kl. 20:00

Kynning á ungerska tónskáldinu og píanósnillingnum Franz Liszt í máli og myndum.

Ágúst Ólafsson barítón  
(í Salnum Kópavogi og Selfoskirkju).

Miklós Dalmay píanóleikari.

Unglingakór Selfoskirkju.

Kynnir á tónleikum er Arndís Björk  
Ásgeirsdóttir dagskrágerðarmaður á RÚV.

Stjórnandi er Edit Molnár.



*Tónleikarnir eru styrktir af Menningarráði Suðurlands.*

Vöruflutningar  
Reykjavík—Árnessýsla

Vörumóttaka Héðinsgata  
1-3



**VÖNDULL ehf**  
**FLUTNINGADJÖNUSTA Í**  
**ÁRNESSÝSLU.**

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími: 533 2211. Mánudaga til föstudaga kl. 12:00, Á Sel-fossi hjá Húsasmíðjunni og Byko kl.

14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar  
856 1581 Stefán



Ungur fjallmaður, Björgvin Viðar Jónsson glaðbeittur með þrjá til reiðar .  
Ljós:SigSigm

### Opnunartími:

15-16 október: 15:00-20:00  
22-23 október: 15:00-20:00  
29-30 október: LOKAÐ  
5-6 nóvember: 15:00-20:00  
19-20 nóvember: 15:00-20:00  
26-27 nóvember LOKAÐ  
3-4 desember: 15:00-20:00  
10-11 nóvember: 15:00-20:00  
17-18 nóvember: 15:00-20:00



Getum opnað fyrir hópa á öðrum tímum. Lágmark 9-10 manns.  
Upplýsingar og borðapantanir eru í síma 846 9798

---

## *Langar þig að koma og vinna með okkur ?*

Leikskólinn Leikholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi auglýsir eftir starfsmanni á deild.



Óskað er eftir jákvæðum og öflugum einstaklingi sem hefur mikinn áhuga og metnað til að starfa á leikskóla.

Umsóknarfrestur er til 20. október og skal umsóknum skilað:

Leikholt, Brautarholti, 801 Selfoss eða [leikskoli@skeidgnup.is](mailto:leikskoli@skeidgnup.is)

Nánari upplýsingar veitir Vilborg M. Ástráðsdóttir leikskólastjóri, sími: 486 5586 og 863 9689 og/eða á [leikskoli@skeidgnup.is](mailto:leikskoli@skeidgnup.is)

---

### **Frá kór eldri Hrunamanna**

Senn líður að því að æfingar hefjist hjá kórnum. Okkur vantar endilega fleira söngfólk. Þeir, sem hefðu áhuga á að koma til liðs við okkur hafi samband við Arndísi í síma: 486 6654 eða Ágúst í síma: 486 6672



Border Collie (blendingar) fást gefins.

Efni í góða smalahunda.

Upplýsingar í síma: 892 6782

# Fréttir frá Björgunarfélaginu Eyvindi.

## Unglingadeildin Vindur

Unglingadeildin Vindur er nýstofnuð unglingadeild björgunarfélagsins Eyvindar. Á aðalfundi björgunarsveitarinnar Sigurgeirs, í vor, var ákveðið að hætta samstarfi við björgunarfélagið Eyvind um rekstur unglingadeildar, í ljósi þess var ákveðið að leggja unglingadeildina Skúla niður. Í framhaldi af því var stofnuð ný unglingadeild hjá Eyvindi og heitir hún Vindur.

Kynningarfundur var á starfi unglingadeildarinnar föstudagskvöldið 30.september og mættu margir efnilegir unglingar og skráðu sig í deildina. Allir unglingar úr Flúðaskóla sem komnir eru í 8. bekk og eldri eru velkomnir í deildina. Þeir sem ekki gátu mætt á kynningarfundinn en hafa áhuga á að starfa með unglingadeildinni hafa ennþá tíma til að skrá sig. Best er að hafa samband við Halldóru í síma 892-1276 eða senda tölvupóst á [fossari@simnet.is](mailto:fossari@simnet.is) til að skrá sig í deildina.

## Nýliðahópur Eyvindar

Nýliðahópur Eyvindar er hópur sem var stofnaður síðastliðið vor. Í honum eru starfandi meðlimir frá 16 ára aldri var hann stofnaður til að taka við þeim ungl-ingum sem komu uppúr unglingadeildinni og vildu halda áfram að undirbúa sig undir starf í björgunarsveit. Hópurinn er líka opinn öllum þeim sem ekki hafa verið í unglingadeild en hafa áhuga á að kynnast starfinu.

## Björgunarfélagið Eyvindur.

Alltaf vantar góða og áhugasama aðila til að starfa með. Margt er í boði og ætti því að vera hægt að finna eitthvað við sitt hæfi. Í félaginu eru starfandi ýmsir hópar og hægt er að vinna með þeim sérstaklega en þeir eru , unglingadeild, nýliðahópur, sjúkrahópur,vettvangsliðar,bátaflokkur, bílaflokkur og svo er auðvitað hægt að taka þátt í öllum hópum og fá fjölbreytta þjálfun og tækifæri til að vinna að marbreytilegu starfi og kynnast mikið af fólki.

Vinnukvöld eru á fimmtudagskvöldum í húsi félagsins að Smiðjustíg 8 á Flúðum og eru allir velkomnir að koma og kíkja á starfið.

Kynningarfundur á starfsemi Björgunarfélagsins Eyvindar verður sunnudagskvöldið 16. okt kl 20:00 í húsi félagsins. Hvetjum alla til að koma og kíkja við, þó ekki nema bara til að fá sér kaffisopa og spjalla.

Stjórn Björgunarfélagsins Eyvindar.

## **Fréttir frá Hrossaræktarfélagi Hrunamanna.**

Stóðhesturinn Sveinn Hervar frá Þúfu var í girðingu félagsins í Hruna bæði gangmál í sumar, alls voru hjá honum 35 hryssur og eru 25 með staðfestu fylfi við sónarskoðun og eitthvað af hinum gæti verið með fylfi því hesturinn var í hryssunum fram að seinni sónarskoðun.

Fimmtán ógeltir ungfolar í eigu félagsmanna voru í Högnastaðagirðingu í sumar og eru núna í Hrunagirðingunni og virðist því ekki vera neinn hörgull á stóðhestefnum í sveitinni.

Vilji menn ganga í félagið þá er best að hringja í Sigurð Hauk í síma 894 3059 eða senda póst á [skollagrof@skollagrof.is](mailto:skollagrof@skollagrof.is), félagsmenn eru nú ríflega 60 og nóg pláss fyrir fleiri.

Einnig er um að gera að senda okkur línu eða taka upp símann ef fólk er með tilögur því hvernig stóðhesta félagið á að bjóða upp á eða hvort félagið á að bjóða upp á einn eða tvo hesta á sumri, eins er allt í lagi að benda okkur á einstaka hesta sem fólk hefur hug á að nota.

### Sónarskoðun í Efra-Langholti.


Boðið verður upp á sónarskoðun í næstu viku í Efra-Langholti, dagsetning liggur ekki fyrir, hringt verður í eigendur hryssa sem voru hjá Sveini Hervari og voru ekki með staðfest fyl, ef þú ert með aðrar hryssur sem þarf að sóna hafðu þá samband við Berglindi í síma 848 5811.

### Afmæli.

Félagið verður 100 ára á næsta ári og stefnt er að halda upp á það með málþingi og hátíðar kvöldverði, sennilegast í febrúar.

Tekin er til starfa afmælisnefnd til að vinna með stjórninni að undirbúningi afmælisins og er hún undir stjórn Möggu í Túnsbergi, safna á ýmsum fróðleik um starf félagsins og hrossarækt í hreppnum og setja á vefsíðu ef fólk lumar á upplýsingum og góðum myndum er tengjast hrossarækt í hreppnum þá getið þið haft samband við Möggu eða stjórnina. Einnig er fólki bent á að búa sig undir að leitað verði til þess í upplýsingaleit.

Ætlunin er að halda Ræktunarsýningu á útmánuðum líkt og í fyrra en í tilefni afmælisins vonumst við til að geta haft sýninguna í veglegri kantinum, upp hafa komið hugmyndir um t.d. sýningar á hryssum fæddum í hreppnum sem reynst hafa vel í ræktun, með eða án afkvæma(afkomenda), afkvæmi og afkomendur stóðhesta fæddra í sveitinni og afkvæmahópa undan hestum sem félagið hefur notað og svo auðvitað sem flestar sýningar frá ræktendum í félaginu, svo nú er bara að taka snemma inn og þjálfva vel og kappsamlega.





## Folaldasýning 30.október

Folaldasýning félagsins verður haldin í Reiðhöllinni á Flúðum sunnudaginn 30.október kl. 14. Reglurnar eru núna eitt folald á félagsmann óháð kyni, nýjir félagar velkomnir í félagið, sjá hér ofar.

### **Skráning í síðasta lagi 27.október kl.20 hjá:**

Grími í síma 8996683 eða [asatun@simnet.is](mailto:asatun@simnet.is)

Sigurði Hauk í síma 8943059,

eða [skollagrof@skollagrof.is](mailto:skollagrof@skollagrof.is)

Kveðja Stjórnin.

---



Þann 26. sept sl. fóru þeir Árni Þór og Heimir með hressa krakka úr 6 og 7 flokki á ISK mót í fótbolta í Þorlákshöfn.



## Leikskólafréttir

Það er alltaf nóg að gera hjá okkur í leikskólanum. Börnin hafa farið í litlum hópum í heimsókn á bókasafnið. Þar kynnst þau þeim hegðunarreglum sem þar ríkja og læra að taka bækur að láni, Áslaug bókasafnsvörður tekur á móti okkur sýnir okkur bókasafnið og les svo sögu fyrir börnin. 1.bekkur kom og hjálpaði okkur við upptöku á kartöflum og var uppskeran mjög góð þetta árið, öll börnin fóru svo heim með kartöflur í poka. Dýradagur var haldinn um miðjan september og fengum við nokkur lifandi dýr í heimsókn, sem var mjög spennandi, auk ýmissa annarra tuskudýra. Föstudaginn 7 okt. var Haustþing okkar leikskólakennara á Suðurlandi og var það haldið í áttunda sinn á Selfossi. Við áttum fulltrúa á nú af tíu fyrirlestrum og voru þeir allir mjög áhugaverðir og eiga eftir að nýtast okkur í áframhaldandi starfi. Lilja á Grafarbakka og Guðjón á Melum hafa komið færandi hendi með annan flokks grænmeti handa okkur og færum við þeim bestu þakkir fyrir. Hér fyrir neðan eru fréttir frá hverri deild fyrir sig.

Kveðja Halldóra, Elín og Inga

## Skógarkotsfréttir

(á Skógarkoti eru 4 og 5 ára börn)

Á Skógarkoti er alltaf líf og fjör. Síðasta mánuðinn höfum við haft nóg að gera. Við vorum t.d. með fagnaðarfund og lékum leikrit um Rauðhettu og úlfinn. Við stóðum



okkur mjög vel eins og alltaf. Vinna með laufblöð hefur verið áberandi hjá okkur enda nóg um þau úti þessa dagana og litadýrðin er einstök. Við t.d. limum laufblöðin á blað, stimplum með þeim, málum þau, búum til óróa og skreyttum boðskortin fyrir ömmu- og afa daginn með þeim. Síðasta vika fór í undirbúning fyrir þann dag og höfum við verið að stússast í að mála myndir af ömmum og öfum, búa til boðskort, gera gjöf til að færa þeim ömmum og öfum sem koma að heimsækja okkur og segja

frá því hvað ömmur og afar gera. Framundan er áframhaldandi vinna með laufblöð og svo ætlum við að vera dugleg að fara út í gönguferðir, skoða nánasta umhverfi okkar með rannsakandi augum og leggja áherslu á að vinna út frá áhuga barnanna.

Úlfarnir að nálgast Rauðhetturnar í skóginum á leið til ömmu. (mynd af fagnaðarfund 29.sept)

## Heiðarkotsfréttir

( á Heiðarkoti eru 2 og 3 ára börn)

Í september er búíð að vera fullt að gera hjá okkur á Heiðarkoti. Síðan vorum við á fullu að undirbúa fyrir réttirnar, það voru gerðar réttamyndir og litirnir á kindunum rannsakaðir. Allir höfðu skemmtilegar sögur að segja um réttirnar. Það var líka dýradagur hjá okkur og komu nokkrir með alvöru dýr með sér í heimsókn en bara í smástund, það komu hundar og hamstur. Börnunum fannst voða gaman að fá dýrin í heimsókn og einnig komu líka tuskudýr. Núna í október ætlum við að rannsaka kýrnar, syngja lög um þær og vinna einhver verkefni sem tengjast þeim, jafnvel fara í heimsókn í fjós. Þann 3. okt var þjóðhátíðardagur Þýskalands og kom hún Silke mamma Adríans Vals til okkar. Hún sýndi okkur kort af Þýskalandi og hvar Berlín er en þar átti hún heima þegar hún var yngri. Síðan söng hún Meistari Jakob á þýsku og ætlum við að reyna að læra syngja það. Við erum alltaf að æfa okkur í hvað dagarnir heita og mánuðurinn og við syngjum á hverju degi lagið um mánuðina og dagana. Einnig erum við að læra ný lög eins og Krókódíll í lyftunni minni og Bjöllukýr. Við erum búin að nýta veðrið mjög mikið fyrir útveru og erum búin að tína fullt af laufblöðum og gera skemmtileg haustverkefni úr þeim. Alltaf spennandi hlutir að gerast á Heiðarkoti.

Kv Hanna Björk, Heiða, Móeiður og Valdís.

## Móakotsfréttir

( á Móakoti eru 1 og 2 ára börn)

Undanfarinn mánuð erum við búin að vinna með kindurnar og réttirnar. Það er búíð að ganga rosalega vel og fullt af skemmtilegum listaverkum hafa litið dagsins ljós. Einnig erum við búin að fara mikið út í góða veðrið og skoða laufblöðin, grasið, blómin og það sem verður á vegi okkar. Í október erum við að vinna með haustið og margbreytileika þess. Búíð er að skipta hópnum upp í tvo hópa sem heita Dúllurnar og er skipaður börnum fædd 2009 og svo Hvolparnir sem skipaður er börnum fæddum 2010. Erla er hópstjóri hjá Dúllunum og Adda Sigga er hópstjóri hjá Hvolpunum. Áfram verður unnið með þema í gegnum könnunarleik, tónlist, listir og göngutúra og tækifærin gripin þegar þau gefast. Í október var ömmu og afadagur og mikið fjör í leikskólanum og við eigum vona á Sr. Eiríki í heimsókn til okkar, farið var á bókasafnið til hennar Áslaugar og lesnar skemmtilegar bækur og síðast en ekki síst verður fagnaðarfundur Heiðarkots í lok október svo að það er margt spennandi og skemmtilegt á döfinni hjá okkur.

Endilega kíkið á bloggið okkar og myndirnar sem settar eru inn í hverri viku á slóðinni:

<http://blogg.undraland.is/moakot/>

Bestu kveðjur Erla og Adda Sigga. J

## Fréttabréf Körfuknattleiksdeildar UMFH

Nú er vetrarstarfið komið af stað. Alls eru um 80 börn á aldrinum 6-16 ára að æfa körfu. Munu 8 lið fara í Íslandsmót í vetur, þar af verður 10. flokkur kvenna í samstarfi með Hamri og 11. flokkur karla með FSu. Fyrirhugað er að þjálfarar frá þessum félögum komi sem gestaðþjálfarar nokkrum sinnum í vetur. Ætlunin er að flytja fréttir af starfi deildarinnar á bloggsíðunni; <http://umfh.bloggar.is> en þar verða fréttir og myndir af mótum og öllu því sem verður á döfinni hjá okkur í vetur.

Stjórn körfuknattleiksdeildarinnar í vetur skipa; Óskar Rafn Emilsson, Dúna Rut Karlsdóttir og Kolbrún Haraldsdóttir.

**Þjálfarar;** Árni Þór Hilmarsson þjálfar míkrobolta og minnibolta hjá báðum kynjum. Hróbjartur Heiðar Ómarsson þjálfar stelpur í 7.-10. flokk. Illa hefur gengið að finna þjálfara fyrir 7.-10. flokk drengja, en Haukur Már Hilmarsson hleypur í skarðið þar til varanlegur þjálfari finnst.

**Æfingagjöld;** Míkrobolti 8.000 krónur á önn, minnibolti 12.000 krónur á önn, 7.-10. flokkur 14.000 krónur á önn.

Æfingagjöldin standa að stórum hluta undir rekstri deildarinnar og því mikilvægt að innheimta þeirra skili sér vel. Margir hafa þegar greitt og þökkum við þeim fyrir skjót viðbrögð. Þeir sem enn hafa ekki greitt geta lagt inn á reikning **0325-26-9121** kt. 660269-5689. Veittur er 15% afsláttur ef báðar annir eru greiddar fyrir 20. október. Systkinaafsláttur er 25% fyrir annað barn og 50% fyrir það þriðja. **Verði æfingagjöld fyrir 1. önn ekki greidd fyrir 20. október verður krafan send í innheimtu.** Þeir sem ekki hafa skilað skráningarblöðum til þjálfara er hvattir til að gera það sem fyrst.

**Tenglar;** Foreldrastarf er gríðarlega mikilvægt. Því óskum við eftir áhugasömum foreldrum, til að sinna því hlutverki fyrir hvern flokk. Starf tengla fellst m.a. í því að skipuleggja ferðir á mót og samstarf við þjálfara.

**Akstursskrá;** Sett hefur verið saman viðmiðunartafla varðandi aksturskostnað á mót ef ekið er á einkabílum.

Á Selfoss/Hellu/Laugarvatn/Þorlákshöfn/Hveragerði/Hvolsvöllur: 500.-  
Reykjavíkursvæðið: 1.000.-

Suðurnes/Borgarnes/Akranes Vík: 1.500.-



**Bingó;** Bingó Körfuknattleiksdeildarinnar var haldið í Félagsheimili Hrunamanna 7. október. Það var góð mæting og mikil stemning meðal gesta og ekki annað að sjá en að allir skemmtu sér vel. Vinningar voru glæsilegir og færur við öllum þeim sem styrktu okkur bestu þakkir. Í ár voru styrktaraðilar þessir: Café Mika, Landstólpi, Hótel Flúðir, Pizzavagninn, Grænna land, Verslunin Samkaup, Gistiheimilið Grund, Kaffi-Sel SR-grænmeti, Högnastaðabúið, Flúðasveppir, Magnús og Guðbjörg í Birtingaholti, Sigurður Sigmundsson, Hrunamannahreppur, Hvítárvatn ehf, Hótel Gullfoss, Hótel Mývatn, BYKO, BROS bolir, Kjörís, Garri heildverslun, Ásbjörn Ólafsson ehf, Hárgreiðslustofa Önnu og Sportbær Selfossi.

Stjórnin

# HREPPAKAPPAR

[WWW.HREPPAKAPPAR.IS](http://WWW.HREPPAKAPPAR.IS)

Aðalfundur Hreppakappa verður haldinn á Útlaganum laugardaginn 15. október klukkan 13:00.

Venjuleg aðalfundarstörf

Stjórnin

**Gott íbúðarhús til leigu á Flúðum**, -frá og með 1.nóvember.

Allar nánari upplýsingar í síma 864 3569, milli kl. 8-9 á kvöldin

eða á [jonase@centrum.is](mailto:jonase@centrum.is)



## ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

Smíðjustíg 6a, Sími: 486-1866

Málningavörur-flugger innimálning-spartl-spaðar og einnota gallar  
Kítti-frauð-kíttispressur-trélim og gluggapéttilistar  
Ragmagnsvír-hitadragarar-víratengi-klær og innstungur  
Fyrir bílinn-bíltjakkar-loftverkfærasett-hreinsiefni-olíur-purrkur og perur  
Bogasagir-lóðbyssa-strekkiborðar-hamrar- áltröppur-borar og slípiskífur  
Fyrir gæludýrin-hundamatur-kattamatur-varpfóður  
Hestavörur- sag-múlar-gjarðir-beisli-pískar-skeifur-botnar-lýsi  
Eldhús-og bað-vaskar- kranar-sturtuhaus með ljósi  
Múr-Maskinu- og Borðaboltar-snitteinar-skinnur og rær  
Fyrir heimilið-pönnukökuspaði-silicon bökunarform-ryksegulbursti-  
reykskynjari-skarttengi-fjöltengi-balar-snúrur og gæða hnífasett  
Bréfabindi-pappír-umslög-bréfabakkar- reikni-og stílabækur  
Heftibyssur-hefti-límbyssa-skæri-lím og spreylakk  
Plast og járn fittings-vatnslásar-niðurföll-affallsog tengibarkar  
Flísar-parket-dúkar-teppi-fúga-flísaogir-og fúguset  
Sement-múrblöndur og flísalím  
Lopi-band-rennilásar 65 og 70cm-tvinni-nálar-prjónar-heklunálar-  
heklugarn-prjónablöð og ýmis hjálparkæki fyrir prjónakonuna  
Fyrir veturinn-stormjárn-leka og vatnsvörn-ljósaperur- hitamælar-  
hitablásarar-stígvél og regnföt-kuldagallar  
Girðingarefni-staurar-starranet-hænsnanet-virklippur-vírlykkjur  
Fyrir öryggið-öryggisgleraugu-heyrnahlífar-rykgrímur-öryggisvesti  
Vinnuveltingar-ýmsar gerðir-vinnubuxur  
Í afmælisþakann-skapalón-vinabönd-tússlitir og púsluspil  
Gjafavörur- englar-kertastjakar-luktir- ofl.

Gos og sælgæti

Ný blöð: LOPI OG ÝR

Opnunartími: Virka daga 9-18

Laugardaga 11-14

VERIÐ VELKOMIN – VERSLUM Í HEIMABYGGÐ



## Fréttatilkynning

### Safnarar allra uppsveita sameinist!

Safnarasýning á Flúðum 5. nóvember – enn eru laus pláss

Upplit, menningarklasi uppsveita Árnessýslu, stendur fyrir safnarasýningu í Félagsheimilinu á Flúðum laugardaginn 5. nóvember. Sýningin verður framlag Upplits til Safnahelgar á Suðurlandi, sem að þessu sinni verður dagana 4.–6. nóvember.

Upplit biðlar nú til safnara í uppsveitunum að draga fram úr hirslum sínum gersamarnar sem þeir hafa verið að safna og koma ekki endilega alltaf fyrir margra augu. Nú er tækifærið til að dusta rykið af þessum einkasöfnum og hefja þau til vegs og virðingar með því að sýna þau öðrum. Við erum að tala um þessi smáu jafnt sem stóru söfn sem leynast víða á heimilum; frimerki, spil, merki, uglur, kindur, húfur, penna, límmiða, glansmyndir, servíettur, eld-spýtustokka, póstkort, skó eða hvaðeina sem sumir hafa gaman af að safna og aðrir hafa gaman af að skoða.

Nú þegar hafa nokkrir öflugir safnarar tilkynnt þátttöku – og enn er pláss fyrir fleiri. Meðal þeirra eru Sigríður Miklaelsdóttir sem safnar fuglum af ýmsum stærðum og gerðum, Guðrún Einarsdóttir sem sýnir uglur, hjónin Aðalheiður Helgadóttir og Skúli Sæland koma með söfn sín af agnarsmáum bollastellum og vínflöskum og Ann-Helen Odberg sýnir sardínumiðasafn sitt frá Noregi.

Þeir sem hafa áhuga á að vera með í sýningunni eru hvattir til hafa samband við sýningarstjórana Skúla Sæland (663 9010 / [skulisael@gmail.com](mailto:skulisael@gmail.com)) eða Önnu Kristjónu Ásmundsdóttur (896 6430 / [anna@fludaskoli.is](mailto:anna@fludaskoli.is)) sem allra fyrst og tryggja sér borð. Gert er ráð fyrir að sýningin standi frá kl. 13 til 17 laugardaginn 5. nóvember og að safnararnir verði á staðnum á meðan á henni stendur til að sýna söfnin sín og svara spurningum gesta. Í félagsheimilinu verður stillt upp borðum til að raða söfnunum á, en safnarar verða sjálfir að sjá fyrir kössum, skápum eða öðrum hirslum til að geyma safngripina í ef borðin duga ekki. Hrunamannahreppur lánar félagsheimilið endurgjaldslaust fyrir sýninguna – og er hreppsnefndinni þakkaður velviljinn.

Safnarar allra uppsveita sameinist – og sýnið sveitungunum dýrgripina ykkar, þó ekki væri nema þennan eina dag! Einnig ætti þetta að vera kærkomið tækifæri fyrir safnara að hitta aðra safnara og skiptast á upplýsingum og skoðunum um söfnin.



Berglind og Ragnar í Efra Langholti með Örlyg 1. v á sölusýningu sl. laugardag

Ljós:m:SigSigm



Birgir á Brún með tómatappaþskeru.

Ljós:m:SigSigm